

Aðalfundur Leikminjasafns Íslands

Haldinn í Iðnó föstudaginn 16. maí 2014

Mætt voru: Kolbrún Halldórsdóttir, Hlín Gunnarsdóttir, Lilja Árnadóttir, Benoný Ægisson, Steinunn Knútsdóttir, Magnús Þór Þorbergsson, Þórhallur Sigurðsson, Gunnar Guðbjörnsson, Pétur Eggerz, Ólafur Engilbertsson, Ragnheiður Skúladóttir, Sesselja G. Magnúsdóttir, Ólafur Jónasson, Virpi Jokinen, Margrét Rósa Einarsdóttir, Björn Brynjúlfur Björnsson og Lárus Vilhjálmsson, sem jafnframt ritaði fundinn. Sérstakir gestir fundarins voru Ágústa Kristófersdóttir, framkvæmdastjóri Safnaráðs og Eyjólfur Kristjánsson hönnuður gagnabanka Leikminjasafnsins. Fundarstjóri var Álfheiður Ingadóttir.

Formaður stjórnar, Kolbrún Halldórsdóttir, setti fundinn og afhenti stjórn hans Álfheiði Ingadóttur fundarstjóra.

1. **Fundargerð síðasta aðalfundar** hafði verið send út fyrir fundinn og engar athugasemdir borist, hún var því formlega samþykkt.
2. **Gagnabanki Leikminjasafns** um leiksýningar á Íslandi, er að ganga í endurnýjun lífdaga. Eyjólfur Kristjánsson tölvunarfræðingur og hönnuður gagnabankans kynnti stöðu vinnunnar við uppfærslu gagnabankans, sem hefur staðið yfir undanfarna þrjá mánuði. Hann hefur unnið verkið sem háskólaverkefni til BS-prófs ásamt tveimur samnemendum sínum í Háskólanum í Reykjavík. Gagnabankinn er einhver mikilvægasta eign Leikminjasafns Íslands og vinnan við endurnýjunina er öðru fremur fólgin í því að gera hann þannig úr garði að nýjar leiksýningar rati í grunninn um leið og þær eru frumsýndar. Gert er ráð fyrir því að hann virki þannig tæknilega að það geti fleiri aðilar komið að því að setja inn efni, t.d. þeir 4 aðilar sem kalla má megin þáttakendur í grunninum; Þjóðleikhúsið, Borgarleikhúsið, Leikfélag Akureyrar og Sjálfstæðu leikhúsin. Eyjólfur sýndi nýtt útlit gagnabankans og heimasíðunnar (sem er verið að uppfæra um leið og gagnabankann). Í umræðum um þennan lið komu fram nokkur áhersluatriði í máli fundarmanna; ítrekað var mikilvægi þess að safnið gæti sinnt umsjón og nauðsynlegu utanumhaldi með grunninum, þá óskaði Ragnheiður Skúladóttir eftir því að skoðaðir yrðu möguleikar þess að gagnagrunnurinn hefði einnig að geyma upplýsingar um sýningar áhugaleikfélaganna og Lárus Vilhjálmsson vakti máls mikilvægi þess að verk, sem væru á mörkum leiklistar og annara listgreina, eins og gjörningalist og dans, væru einnig í grunninum. Stjórn fer með þessar ábendingar með sér í áframhaldandi vinnu við gagnabankann, en þó verkefni Eyjólfur og félaga ljúki nú á næstu dögum, þá er líklegt að safnið þurfi að njóta krafta Eyjólfur eithvað áfram eða þar til búið verður að ganga þannig frá málum að gagnabankinn sé tilbúinn í hendur þeirra sem munu annast skráningu í hann í framtíðinni.
3. **Skýrsla stjórnar og ársreikningur.** Kolbrún Halldórsdóttir las upp skýrslu stjórnar, sem er fylgiskjal með þessari fundargerð, og Hlín Gunnarsdóttir gerði grein fyrir ársreikningi. Starfsemi safnsins hefur markast af naumum fjármunum, en þó hafa verið settar upp tvær sýningar í nafni safnsins frá því síðasti aðalfundur var haldinn auk þess sem safnið hefur tekið þátt í tveimur samstarfsverkefnum. Þá hefur mikil áhersla verið á vinnu við stefnumótun, auk þess sem gagnabankinn og heimasíðan hafa verið í forgrunni. Hvað fjárhagsstöðuna varðar, þá hefur orðið viðsnúningur í fjármálum safnsins á síðustu tveimur árum og er eigið fé nú

orðið jákvætt og örlítt rekstrarafgangur. Ekki urðu miklar umræður um þessa liði og voru reikningarnir samþykktir samhljóða..

4. **Starfsáætlun næsta árs.** Stjórn leggur til að áhersla verði á stefnumótunarstarfið á næsta starfsári, enda sé vart hægt að halda áfram að taka á móti merkileikum gjöfum, sem safninu berast, nema hægt sé að tryggja sómasamlega varðveislu þeirra og aðgengi sérfræðinga og almennings að þeim. Lilja Árnadóttir hefur leitt vinnuna við stefnumótunina fyrir hönd stjórnar og gerði hún grein fyrir stefnumótunarskýrslu sem hún og Kolbrún Halldórsdóttir lögðu fyrir stjórn LMSÍ í mars og ber yfirskriftina „Grundvallaratriði í safnastarfi og raunveruleiki Leikminjasafns Íslands“. Í henni er farið ítarlega í þau vandamál og áskoranir sem blasa við safninu og velt upp möguleikum til lausna. Stjórn leggur til að á komandi starfsári verði haldið áfram á þeirri braut sem skýrslan lýsir, með það að markmiði að tryggð verði varðveisla safnkostsins til frambúðar við viðunandi aðstæður ásamt því að aðgengi að safnkostinum verði aukið. Skýrslan er fylgiskjal með þessari fundargerð.
5. **Ný safnalög og safnastefna.** Í framhaldi af umfjöllun Lilju kom gestur fundarins Ágústa Kristófersdóttir framkvæmdastjóri Safnaráðs og fjallaði um safnalög, Safnaráð og stöðu Leikminjasafnsins með tilliti til nýrra safnalaga. Hún sagði að safnið hefði fyrst fengið úthlutað úr Safnasjóði 2003 og hefði síðan fengið um 12,9 milljónum úthlutað. Breytingar á safnalögum kalla hins vegar á það að söfn, sem óska eftir styrkjum úr Safnasjóði, þurfi formlega viðurkenningu Safnaráðs. Skilyrði þess að safn fái viðurkenningu eru eftirfarandi:
 - Tryggur fjárhagsgrunnur
 - Sjálfstæður fjárhagur
 - Stofnskrá
 - Húsnæði með góðu aðgengi
 - Síðareglur
 - Starfsmaður með viðurkennda menntun á sviði safnamála

Það væri ljóst af þessu að LMSÍ uppfyllti ekki skilyrði til viðurkenningar. Eins væri stjórnýsylan að breytast samhliða lagaumhverfinu og ekki öruggt að safnliða Mennta- og menningarmálaráðuneytis njóti við með sama hætti og verið hefur. Þannig er ekki öruggt að söfn, sem hafa hlotið stuðning af safnliðum eða gegnum velvilja fjárlaganefndar Alþingis fái þá áfram. Nú sé mun frekar horft til þess að byggja upp svokölluð ábyrgðarsöfn og styðja við þau. Ágústa tók undir áhyggjur stjórnar LMSÍ og sagði að það væri ábyrgðarhlutverk að taka á móti safngripum og nauðsynlegt að standa vel að varðveislu þeirra.

Það urðu fjörugar umræður undir þessum lið. Ólafur Engilbertsson sagði stuttlega frá tilurð safnsins og það kom fyrirspurn um hvernig staðan væri í nágrennalöndunum og kom fram að leikminjasöfn í nágrennalöndum okkar hafa í auknum mæli verið sameinuð öðrum söfnum á síðustu árum. Varðandi hugmyndir um breytt fyrirkomulag og söfnunarstefnu LMSÍ, sbr. hugmyndir í greinargerðinni „Grundvallaratriði í safnastarfi og raunveruleiki Leikminjasafns Íslands“, þá kom fram í máli fundarmanna að hvernig sem safneigninni yrði best fyrir komið þá væri mikilvægt að safninu yrði áfram gert kleift að standa að sýningarhaldi á þeim arfi sem leiklistin hefur skapað. Samþykkti fundurinn umboð til stjórnar um að unnin yrði framtíðarstefnumótun LMSÍ á grundvelli þeirra hugmynda, sem lágu fyrir fundinum. Tillaga stjórnar að starfsáætlun fyrir næsta ár var því samþykkt.

6. **Stjórnarkjör.** Magnús Þór Þorbergsson og Steinunn Knútsdóttir hafa nú setið þrjú ár í stjórninni og átti því að kjósa um þeirra sæti. Þau gefa bæði kost á sér til áframhaldandi

stjórnarsetu, engin mótframboð bárust og voru þau því sjálfkjörin til næstu þriggja ára. Aðalmenn í stjórn verða því þeir sömu og á síðasta starfsári. Eitt sæti losnaði í varastjórn, þar sem Messíana Tómasdóttir gaf ekki kost á sér til endurkjörs og gaf Ragnheiður Skúladóttir sig fram í það. Engin önnur framboð bárust þannig að hún var sjálfkjörin. Að venju var Þórhallur Sigurðsson sjálfkjörin sem skoðunarmaður reikninga.

7. Fundi lauk kl 18.30 og hafði þá staðið frá kl 16.00. Á fundinum var borin fram dýrindis súkkulaðikaka með rjóma frá eldhúsinu í lðnó.

Fleira ekki gert, fundi slitið
Lárus Vilhjálmsson.

Skýrsla stjórnar Leikminjasafns Íslands starfsárið 2013 fram að aðalfundi 2014

Stjórn og stjórnarfundir

Stjórn Leikminjasafns Íslands skipti með sér verkum að loknum aðalfundi 14. maí 2013. Kolbrún Halldórsdóttir var kjörin formaður, Hlín Gunnarsdóttir og gjaldkeri, Ásdís Þórhallsdóttir, ritari. Meðstjórnendur eru Magnús Þór Þorbergsson, Lilja Árnadóttir, Benóný Ægisson og Steinunn Knútsdóttir. Kjörnir varamenn eru Messíana Tómasdóttir og Lárus Vilhjálmsson.

Stefnumótun

Í samræmi við starfsáætlun ársins, sem samþykkt var á aðalfundi safnsins 2013, hefur stjórn lagt áherslu á vinnuna við framtíðarstefnumótun fyrir safnið. Lilja Árnadóttir hefur haft veg og vanda af þeirri vinnu og var meðal annars leitað liðsinnis starfsmanna Landsbókasafns Íslands, sem fundaði með fulltrúum stjórnar. Meðal þess sem starfsmenn Landsbókasafns lögðu til vinnunnar var samantekt yfir það efni um leiklist sem varðveitt er í handritasafni Landsbókasafnsins, en þar er að finna efni sem skráð hefur verið í aðfangabók safnsins, efni í einkaskjalasöfnum og efni úr handritaskrá. Það er talsverður fengur af þessari samantekt fyrir Leikminjasafnið þar sem svara þarf áleittum spurningum um það hvar skynsamlegast sé að varðveita þau handrit og þann bókakost sem er að finna í safnkosti Leikminjasafns Íslands. Landsbókavörður, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir hefur boðið fram þá aðstoð sem Landsbókasafn gæti mögulega látið í té við stefnumótun Leikminjasafns. Í framhaldinu fór stjórn Leikminjasafns þess á leit við landsbókavörð að Landsbókasafn veitti Leikminjasafni liðsinni með því að „hýsa“ gagnabanka um leiksýningar á Íslandi þegar endurnýjun hans og uppfærslu yrði lokið. Því erindi var vel tekið og er undirbúningur hýsingarinnar nú á lokastigi. Gerð er nánari grein fyrir megindráttum vinnunnar við framtíðarstefnumótunina undir sérstöku dagskrárliði aðalfundar 2014 og fylgir greinargerð stjórnar um stefnumótunarvinnuna þessari skýrslu.

Húsnæðismál

Á árinu hefur safnið leigt húsnæði undir safnkost sinn í geymsluhúsnæði á Granda; geymslur.com og er leigan þar stærsti einstaki kostnaðarliður í ársreikningum safnsins. Í september sl. var skrifstofuhúsnæði það sem safnið hefur haft á leigu í Reykjavíkúrákadéminni við Hringbraut tæmt og því sem það hafði að geyma komið fyrir í geymslunum á Granda. Ekki varð af því að safnið fengi inni í Loftskýtastöðinni við Brynjólfsgötu svo sem vonast hafði verið eftir, en það stendur safninu til boða að koma þangað tímabundið ef að því kemur að farið verði gegnum safnkostinn úr geymslunum, með það að markmiði að ganga sómasamlega frá honum til vistunar við ákjósanlegar aðstæður.

Sýningahald

Safnið fékk styrk frá Safnasjóði 2013 til tveggja verkefna; 10 ára afmælisýningar safnsins og til endurnýjunar og uppfærslu gagnabanka um leiksýningar á Íslandi. Þá var safnið aðili að umsókn Norska hússins í Stykkishólmi – Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla um sýningu í tilefni af 80 ára afmæli Steinþórs Sigurðssonar leikmyndahöfundar, en Steinþór fæddist í Norska húsinu 1933.

Sýningin var opnuð 1. júní 2013 og lánaði Leikminjasafnið stóran hluta þeirra mynda og líkana sem notuð voru í sýningu Leikminjasafns um Steinþór í Iðnó 2012. Yfirskrift sýningarinnar var Sviðsmyndir og sjónhverfingar. Sýningarhönnuður, ásamt Steinþóri, var Jón Þórisson og stjórnarformaður Leikminjasafnsins flutti ávarp við opnunina. Sýningin stóð uppi allt sumarið eða til 31. ágúst og var hún vel sótt.

Afmælissýning Leikminjasafnsins var svo haldin í samstarfi við Minjasafn Reykjavíkur í Árbæjarsafni í desember 2013. Sýningin var opnuð 8. desember og bar yfirskriftina Jól í leikhúsinu. Hún fjallaði að uppistöðu til um jólasýningar Leikfélags Reykjavíkur í Iðnó frá 1920 – 1951. Sýningin var sett upp á fyrstu hæð Líknar, húss sem áður stóð við Kirkjustræti en er nú við „torgið“ í Árbæjarsafni. Meðal sýningargripa var líkan af Iðnó í jólabúningi, sem Guðrún Sverrisdóttir bjó til ásamt tugum lítilla jónasveina sem allir báru nöfn og einkenni leikaranna í Iðnó. Sýningarhönnuðir voru þeir Björn G. Björnsson og Jón Þórisson, Ólafur Engilbertsson sá um uppsetningu spjalda með texta og ljósmyndum og Jón Viðar Jónsson annaðist textagerðina. Þess ber að geta hér að þó afmælissýningin hafi verið opnuð í desember þá var afmælisdagurinn 9. mars 2013 á fæðingardegi Sigurðar málara.

Gagnabanki

Svo sem að framan greinir þá veitti Safnasjóður styrk til að gera Leikminjasafninu kleift að endurbæta og uppfæra gagnabanka safnsins um leiksýningar á Íslandi frá 1897 til dagsins í dag, en lítið sem ekkert hefur verið um viðbætur inn í grunninn frá því honum var komið á laggirnar 2003. Gerður var samningur við Davíð Kjartan Gestsson um að annast vinnuna við að koma upplýsingum um leiksýningar frá 2003 inn í grunninn og til að sinna tæknilegu hliðinni var leitað til Eyjólf Kristjánssonar sem upphaflega hannaði grunninn. Eyjólfur stundar um þessar mundir nám til BS-prófs í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík og fékk hann tvo samnemendur til liðs við sig til að sinna verkefninu. Leikminjasafnið sótti svo um það til Háskólans í Reykjavík að þessir þrír háskólanemar fengju samþykki skólans fyrir því að endurnýjun og uppfærsla gagnabankans yrði tekin gild sem verkefni til BS-prófs í tölvunarfræði. Það samþykki var veitt og eru þeir félagar nú á lokametrunum við að ljúka verkefninu. Yfirumsjón með verkinu hefur verið í höndum Magnúsar Þórs Þorbergssonar, auk þess sem Benóný Ægisson vefhönnuður safnsins og Þór Snær Sigurðsson útlitshönnuður hafa komið að afmörkuðum þáttum þess. Þá hefur landsbókavörður Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir verið einstaklega hjálpleg þar sem hún bauð aðstandendum verkefnisins aðstoðu í húsi Þjóðarbókhöðunnar ásamt ýmis konar tæknilegri aðstoð meðan á vinnunni stóð.

Hollvinasamtök

Eins og greint var frá í ársskýrslu safnsins 2012 þá vann Árni Kristjánsson skýrslu um mögulega stofnun hollvinasamtaka Leikminjasafns Íslands og lauk þeirri vinnu 2013. Það var mat stjórnar að skynsamlegt væri að tengja stofnun hollvinasamtaka og söfnun hollvina flutningi safnsins í varanlegt húsnæði og var af þeim sökum ákveðið að slá vinnu við undirbúning og útfærslu á frest um sinn, enda nýtist undirbúningsvinna Árna þó einhver dráttur verði á sjálfri stofnun samtakanna. Þar með er málinu haldið á lífi þó ekki hafi verið unnið að því með beinum hætti á árinu.

NCTD – Nordisk Center for Teater Dokumentation

Leikminjasafn var gestgjafi NCTD á ársfundi samtakanna, sem haldinn var í Reykjavík 14. - 16. júní 2013. Fundinn sóttu 10 manns frá nokkrum af leikminjasöfnum Norðurlandanna í Svíþjóð, Danmörku og Noregi. Á fundinum voru sameiginleg málefni leikminjasafna til umfjöllunar og lauk fundinum með því að ákveðið var að blása til sóknar í þessu samstarfi fremur en að leggja það niður. Þannig var ákveðið að næsti ársfundur yrði haldinn í tengslum við Norrænu Leiklistardagana í Kaupmannahöfn

18. – 24. júní 2014 og hefur Alette Scavenius borið hita og þunga undirbúningsins. Formaður stjórnar Leikminjasafns Íslands mun sækja fundinn.

Ný aðföng

Í nóvember tók Leikminjasafn Íslands formlega við rausnarlegri gjöf erfingja Róberts Arnfinnssonar leikara, en Róbert skráði og kortlagði leikferil sinn með einstökum hætti og lét eftir sig úrklippusafn, dagbækur, handrit, ljósmyndir og ýmsa muni sem tengjast farsælum ferli. Má þar nefna bæði silfurlampa og verðlaunagrip Griðmunnar, Íslensku sviðslistaverðlaunana, myndir eftir Halldór Pétursson af leikaranum í ýmsum hlutverkum og myndverk eftir leikmyndahöfundinn Baltasar. Umfang gjafarinnar verður vart metið fyrr en aðstaða safnsins batnar til muna, þangað til verður hún varðveitt í kössum sem skipta tugum og fylla tvö vörubretti. Kolbrún Halldórsdóttir og Jón Viðar Jónsson veittu þessari höfðinglegu gjöf viðtöku fyrir hönd safnsins og sáu um að koma henni fyrir í geymslum Leikminjasafnsins á Granda.

Þá tók safnið einnig tekið við á árinu 7 kössum með ýmsum erlendum tímaritum um leiklist úr fórum Sveins Einarssonar. Stjórn hefur átt í viðræðum við forstöðumann bókasafns Listaháskóla Íslands varðandi mögulegt samstarf um skráningu þessara tímarita, en vegna plássleysis og endurskipulagningar bókasafns skólans fær það að bíða eitthvað fram eftir næsta vetri. Kössunum hefur því verið komið fyrir í geymslum safnsins á Granda.

Annað starf

Um mitt sumar 2013 auglýsti Landsbanki Íslands eftir styrkumsóknum vegna Menningarnætur í Reykjavík. Landsbókasafn Íslands óskaði eftir samstarfi við Leikminjasafnið um verkefni á Menningarnótt þar sem hugmyndin var að bjóða upp á leiklestur úr leikritinu Systur í syndinni eftir Iðunni og Kristínu Steinsdætur, en það fjallar öðrum þræði um vatnsberana í Reykjavík um og fyrir aldamótin 1900. Viðburðurinn hefði tengst sumarsýningu Landsbókasafns Íslands – Þjóðarbókhliðu *Utangarðs?* Því miður fór það svo að enginn styrkur fékkst svo ekkert varð af verkefninu að sinni. Leikminjasafnið tók boði Kjósarstofu um samstarf við uppsetningu sýningar um leiklist í Kjós á vordögum 2014. Það var sýningarhönnuðurinn Ólafur Engilbertsson, sem átti frumkvæði að því að fá Leikminjasafnið til liðs og flutti formaður stjórnar Leikminjasafns ávarp við opnun sýningarinnar 19. apríl 2014.

Fjármál

Á síðustu tveimur árum hefur orðið jákvæður viðsnúningur í rekstrarstöðu safnsins og sýna ársreikningar 2013 rekstrarafgang að upphæð kr. 250 þúsund og er eigið fé safnsins við áramót kr. 1.261 þúsund. Handbært fé í árslok var kr. 2.440 þúsund.

Á árinu veitti Safnasjóður safninu stuðning til tveggja verkefna, samtals að upphæð kr. ein milljón og kr. 100.000 að auki í samstarfsverkefnið með Norska húsinu í Stykkishólmi.

Stuðningur ríkisins á yfirstandandi ári er skv. fjárlögum 2014 kr. 5,8 milljónir (lækkaði um kr. 100.000 milli ára), en í ár tók stjórn þá ákvörðun að sækja ekki um stuðning til Safnasjóðs. Ástæðurnar eru tvær, annars vegar taldi stjórn skynsamlegt að einbeita sér að vinnunni við stefnumótunina og uppfærslu gagnabanka og heimasíðu á árinu, þar sem líklegt væri að sýningarhald myndi bæði dreifa kröftunum og kosta safnið of mikla fjármuni. Hin ástæðan er sú að nú er búið að breyta safnalögum, sem gera kröfu um að söfn sækji formlega um viðurkenningu til Safnaráðs, m.a. til að tryggja fagmennsku í safnastarfi sem leiðir það af sér að þau söfn sem hljóta slíka viðurkenningu eiga tilkall til fjármuna úr Safnasjóði umfram þau söfn sem ekki teljast viðurkennd. Stjórn Leikminjasafns Íslands

hefur ekki gert formlega skoðun á því hvort eða með hvaða hætti safnið uppfyllir kröfur laganna, en slíkt starf bíður næsta starfsárs.

Samstarf við Minjasafn Reykjavíkur

Í framhaldi af samstarfi Leikminjasafnsins við Minjasafn Reykjavíkur um sýninguna „Jól í leikhúsinu“, ákvað stjórn að taka boði forsvarsmanna Minjasafnsins um að taka þátt í sumarsýningu Árbæjarsafns 2014. Það leiddi til þess að á stofndegi Leikminjasafnsins 9. mars sl. var opnuð ný sýning í húsi Líknar í Árbæjarsafni sem fjallar um leiklist í Kvosinni. Er sýningin endurvinnsla sýningar sem haldin var í gamla fógetahúsinu við Aðalstræti 2010 og ber hún yfirskriftina „Kvosin – Vagga leiklistar“.

16. maí 2014

Kolbrún Halldórsdóttir
formaður stjórnar Leikminjasafns Íslands

Grundvallaratriði í safnastarfi og raunveruleiki Leikminjasafns Íslands

Stofnskrá Leikminjasafns Íslands kveður á um að safna skuli leikminjum hvers konar og til leikminja teljast: handrit, teikningar, ljósmyndir, prentuð gögn, líkön, leikbúningar og leikmunir, tæknibúnaður, leikmyndir, hljóðupptök og myndupptök úr leikhúsum, útvarpi, sjónvarpi og kvikmyndum er tengjast leiklistarstarfsemi. Til leiklistarstarfsemi teljast m.a. leikrit, óperur, óperettur, söngleikir, ballett, brúðuleikir, revíur og skemmtiefni. Safnið heitir því að skrá aðföng þessi í þeim tilgangi að varðveita heimildir hvers konar um og varðandi leiklistarstarfsemi hér á landi, svo unnt verði að setja upp sýningar sem byggja á þeim og öðru leiklistarsögulegu efni til þess að miðla þekkingu til almennings og fræðimanna. Til að uppfylla tilgang sinn segir að safnið muni safna, varðveita skrá, rannsaka og sýna þessar leiklistarsögulegu minjar og hvers konar gögn um leikhefðir og starf leikhúsa, leikhópa og leikfélaga, atvinnumanna jafnt og áhugamanna. Þá muni safnið sinna rannsóknum á leiklist og leiklistarsögu í þágu útgáfu og fræðslustarfs fyrir almenning skólanemendur og menntastofnanir.

Segja má að tíminn hafi leitt í ljós, að markmið og tilgangur safnsins, eins og þeim er lýst í stofnskrá, séu óraunhæf. Starfsemi á borð við þá sem þar er lýst kallar á a.m.k. 3 starfsmenn í fullu starfi ásamt forvörðum og öðrum sérfræðingum í hlutastafi. Slíkt kallar á vinnuaðstöðu, húsgögn, tölvur, skanna, síma og annan tækjabúnað, sérhæfðar geymslur fyrir muni; bækur, ljósmyndir, líkön, teikningar, hljóðupptök, myndbönd, filmur etc. Auk aðstöðu fyrir forverði, fræðimenn og almenning sem mögulega leitar til safnsins um útlán.

Hvað hefur safnið að geyma?

Fyrirliggjandi samantekt (Heildarskrá) Jóns Viðars Jónssonar gefur ágætt yfirlit um það sem varðveitt er í safninu. Flokkunin eins og hún er í skránni er byggð á upprunareglunni. Gróflega er upp talið hvaða efni er að ræða og hverjum það er komið frá og tilheyrði. Vistunin í dag byggir á sömu reglu. Um menningarsögulegt og listrænt gildi safnkostsins eru engin álitamál en finna þarf færa leið til að tryggja bæði varðveislu og skráningu sem veitir aðgengi fyrir alla sem þurfa að vinna með leiklistararfinn. Flokka mætti efnið eftir tegundum og varðveislukröfum

- Handrit
- Prentað útgefið efni
- Leikskrár
- Módel að leikmyndum
- Teikningar að leikmyndum og búningum
- Ljósmyndir
- Segulbandsupptök
- Úrklippur
- Erlend tímarit
- Munir

Hingað til hefur ekki farið farið fram eiginleg skráning í Leikminjasafni og upplýsingar um safnkost því ekki aðgengilegar í gegnum skrár s.s. sarp.is, leitir.is, gegni.is, skemmu.is eða bækur.is. Ofanefnd heildarskrá er eins konar listi með heiti, helstu ártölum og stuttum lýsingum. Þar kemur fram hvaða ár gögn berast safninu en ekkert hefur verið númerað eða auðkennt. Hugsunin var í upphafi að safnið gerðist aðili að Sarpi og allt yrði skráð í hann. Sá möguleiki er fyrir hendi ennþá sér í lagi um þann hluta safnsins sem eru munir og ljósmyndir. Eðlilegt verður að teljast að velta upp þeirri spurningu hvort aðrar leiðir hljóti ekki að vera eðlilegri þar eð meginþorri þess eru pappírsgögn. (Í þessu sambandi ber að hafa í huga að ekki fer saman varðveisla ljósmynda, skjala, segulbanda, filma og gripa, til þess að nefna dæmi.)

Hver væru þá úrræðin við núverandi aðstæður?

Eiga samtöl við og skoða aðstæður í söfnum sem varðveita gögn af þessu tagi og kanna möguleika á vistun í þeim, mögulega með þjónustusamningum um vistunina. Kanna hvaða skilyrði söfn myndu setja um viðtöku safnkosts Leikminjasafns til varðveislu en að eignarhald verði áfram hjá LMS.

Þjóðarbókhlaða - handritadeild og þjóðdeild varðandi handrit og prentað efni, (úrklippur) eða *Bókasafn Listaháskóla Íslands* eða *Handritasafn Bandalags íslenskra leikfélaga*. Ath. sérstaklega varðandi leikskrár og timarit.is

Þjóðminjasafn Íslands varðandi gripi.

Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafni Íslands varðandi ljósmyndir.

Safn Ríkisútvarpsins, Árnastofnun og Kvikmyndasafn Íslands varðandi hljóðrit, segulbandsspólur, myndbönd og filmur. Rannsaka þarf hvernig varðveislu hljóðritaðs og kvikmyndaðs efnis er best borgið. Í þeim efnum er reynslan fyrir hendi í RÚV, Kvikmyndasafni og á Árnastofnun.

Óæskilegt er að bæta miklu við safnið meðan aðstæður þess breytast ekki og framtíðarstefna þess mörkuð til nánustu framtíðar. Hafa ber í huga siðareglur ICOM (Alþjóðaráð safna) og skilgreiningu þeirra samtaka á því hvað safn er og hverjar skyldur eigenda, yfirstjórnar og stjórnvalda er, sjá www.icom.is þar sem reglurnar eru á íslensku.

Aðferðafræði

Gripir og önnur aðföng færð til aðfangabókar. Skráð hver gefur eða hvernig fengið, hvenær, hvaðan og upp talið með heitum hvað um er að ræða. Hvert nýtt aðfang fær aðfanganúmer sem oftast á

móttökustigi er dagsetningin sem gripurinn kemur þótt æskilegt sé að skráningin sjálf fari fram strax (þá væri um að ræða númer sem samanstendur af ártali/færslunúmeri innan árs/raðtölu fyrir hvern grip/skjál í hverri færslu og einkennisstafi safnsins). Við móttöku og aðfangabókarskráningu þarf að athuga og ákveða hvort eitthvað af aðföngum sé þess eðlis að

- það eigi ekki heima í viðkomandi safni,
- sé á söfnunarsvið annars safns/safna,
- sé þegar til í safneigninni

Þetta er gert til þess að gefandi viti hvað verður gert við gjöf hans til safnsins og að hann eigi þess kost að ráðstafa henni annað eða eiga hana áfram. Hægt er að fá samþykki gefanda til þess að safn geti grisjað. Grisjun er sama og ráðstöfun til annars safns eða förgun. Hverju safni ber auk þess að hafa *söfnunarstefnu* að hafa *grisjunarstefnu* sem er þá hægt að vísa til komi til grisjunar.

Næsta skref eftir móttöku gripa er skráningin sjálf. Gripum er lýst, sagan skráð, gripur númeraður, fær safnnúmer sem fylgir honum jafnan og vísað skal til í ræðu og riti.

Síðast er vistunin. Safnnúmer á minjasöfnum eru jafnan þannig að í þeim kemur fram hvaða ár gripir komu til safnsins. Dæmi: 2014-1- LMS (fyrsti gripur ársins í ár). Safnnúmer fylgir grip það sem eftir er. Það er til vitnis um tilvist hans í safneigninni.

Upprunareglan

Sé upprunareglu fylgt þá eru skráðir saman í sérsafn allir munir/skjöl etc sem koma frá sama gefanda eða tilheyrir ákveðinni persónu og er gefið með því fororði að það skuli helgað einhverjum ákveðnum einstaklingi og að til þess verði vitnað með þeirri skírskotun. Þetta er t.d. gert í Ljósmyndasafni Íslands innan Þjóðminjasafnsins þar sem söfn einstakra ljósmyndara eru skráð í sérskrá sem er auðkennd viðkomandi. Safn Róberts Arnfinnsonar er dæmi þar sem eðlilegt er að beita upprunareglunni. Safnið hans er heild og heildinni er gildi þess fólgið. Í ljósi þess að mikið af þeim aðföngum sem koma til Leikminjasafns Íslands koma gegnum erfingja genginna leikhúslistamanna þarf að taka afstöðu til þess hvaða gjafir eru þess eðlis að þær verðskuldi að teljast „sérsöfn“.

Venjuleg skráning, sem ekki krefst þess að farið sé eftir upprunareglunni, felur það í sér að hvert aðfang er skráð og það merkt Leikminjasafninu í númeraröð. Heildarskrá sú sem JVJ tók saman veitir upplýsingar hvenær gögn bárust og því unnt að skrá með ártali og síðan raðtölu. Auk þess þarf í skrá auðkennisstafi safnsins. Þeim er úthlutað hjá Rekstrarfélagi Sarps. Þjóðminjasafnið hefur t.d. Þjms. fyrir framan sjálft safnnúmerið, Minjasafni á Akureyri MSA. Þetta er gert til að í stóra Sarpi komi fram hvaða safni gripur tilheyrir.

Þegar gripur hefur verið aðfangaskráður ber safni og stjórn þess að sjá til þess að honum verði búin örugg varðveisla, upplýsingar um hann verði aðgengilegar almenningi með skráningu sem hægt er fyrir hvern sem er að leita í og að hægt sé að finna hann og veita þeim sem þess óska aðgang til skoðunar og rannsókna.

Mótun stefnu og innleiðing hennar

Það er að mörgu að huga nú þegar Leikminjasafn Íslands er á tímamótum og stjórn ákveður að taka skref áfram í þróun safnsins með það að markmiði að það geti uppfyllt hlutverk sitt um varðveislu og miðlun arfsins. Mikilvægt er að taka afstöðu til upprunareglunnar og hversu nákvæmlega henni skuli fylgt. Einnig þarf safnstefnan að kveða skýrt á um það hverju skuli safnað, hvernig það sem safnað er skuli varðveitt og hvernig því verði best miðlað til fræðimanna og almennings.

Í ljósi þess sem skráð er hér að framan þarf að ákveða eftirfarandi:

Upprunareglan; hversu nákvæmlega ætti LMS að fylgja henni?

Langalgengast er að gjafir til LMS séu einkasöfn látinna leikhúslíamanna. Nefna má söfn Alfreðs Andréssonar og konu hans Ingu Þórðardóttur, safn Áróru Halldórsdóttur, safn Brynjólfs Jóhannessonar, safn Gísla Halldórssonar, safn Gretars Reynissonar, safn Björns G. Björnssonar, safn Gunnars Bjarnasonar, safn Steinþórs Sigurðssonar, safn Guðbjargar Þorbjarnardóttur, safn Klemenzar Jónssonar, safn Helga Skúlasonar og konu hans Helgu Bachmann, safn Róberts Arnfinnssonar, safn Jóns E. Guðmundssonar og loks ýmis gögn úr fórum Herdísar Þorvaldsóttur, Árna Eiríkssonar, Þuríðar Pálsdóttur, Sigurveigar Jónsdóttur o.fl.

Taka þarf afstöðu til þess hvort fylgja skuli upprunareglunni með þeim hætti að öll einkasöfn séu öll varðveitt á einum og sama staðnum, eða hvort látið verði nægja að skrá þau sem einkasöfn en varðveita þau á ólíkum stöðum, allt eftir eðli þeirra hluta/gripa sem þau hafa að geyma. Með því móti verður skráningaraðferðin eins konar varðveisluleið. Það sem ákveðið verður í þessum efnum mótar það með hvaða hætti farið verður í gegnum það sem safnast hefur í geymslurnar sem safnið leigir nú.

Hvað kemur fyrst, eggjð eða hænan?

Leikminjasafnið býr við þann veruleika að hafa einungis 5,8 milljónir til rekstrar á hverju ári og ekki er útlit fyrir að það breytist í bráð. Af þeim fjármunum fara 2 milljónir í leigukostnað vegna geymsluhúsnæðis og 3,8 milljónir standa straum af kostnaði við starfsemi á borð við gerð gagnagrunns, sýningahald, reikningshald, uppfærslu heimasíðu og annað sem til fellur. Ástæða er til að staldra nú við og skoða með hvaða hætti safnið getur best sinnt hlutverki sínu, þ.e. að varðveita, miðla og rannsaka leiklistararfinn. Til að nálgast það verkefni þarf að fara gegnum geymslur safnsins og ákvarða með hvaða hætti hver hlutur verður varðveittur og gerður aðgengilegur almenningi og fræðimönnum. Áður en hægt verður að hefja þá vinnu þarf að útbúa leiðbeiningar fyrir þá sem vinna munu verkið. Af þeim þarf að vera ljóst HVERNIG hver gripur verður skráður í bækur safnsins, HVAR vista beri hvern og einn grip og HVERNIG gengið skuli frá honum. Í því sambandi er líklegt að gera þurfi samkomulag við önnur söfn, sem mögulega verða fengin til að varðveita í sínum húsakynnum eða geymslum einhvern hluta safnkosts LMS. Greina þarf hvaða söfn þar gætu átt hlut að máli og eiga samtál við forsvarsmenn þeirra um mögulegt samstarf. Einnig er mikilvægt að fyrir liggi „grisjunarstefna“, sem kveður skýrt á um hvaða munir skuli ekki geymdir.

Gagnagrunnur um leiksýningar á Íslandi

Einhver dýrmætasta eign LMS er gagnagrunnur sá sem settur var á laggirnar á heimasíðu safnsins 2003. Um þessar mundir er unnið að uppfærslu hans og er markmiðið að hann verði aðgengilegur

öllum gegnum síðu safnsins og annarra stofnana sem vilja miðla efni hans, t.d. væri hægt að hugsa sér að Landsbókasafn myndi vilja vísa inn á hann af sinni heimasíðu, Listaháskólinn, leikhúsin og mögulega fleiri. Stefnt er að því að hann verði tilbúinn í nýju formi á vordögum 2014. Þá er miðað við að öll stofnanaleikhúsin hafi aðgang að grunninum og sjái framvegis sjálf um að skrá upplýsingar um sýningar í hann. Þeir aðilar sem tækjust á hendur slíka ábyrgð gætu verið Þjóðleikhús, Borgarleikhús, Leikfélag Akureyrar, Íslenska óperan, Íslenski dansflokkurinn og Sjálfstæðu leikhúsin.

Álitamál er hvort sýningar Nemendaleikhúss LÍ og LHÍ eigi heima í grunninum og sama gildir um skráningu leiksýninga sem heyra til áhugaleikfélögum þeim sem mynda Bandalag íslenskra leikfélaga. Á þessu stigi málsins er ekki gert ráð fyrir að leiksýningar leikfélaga menntaskólanna fari í grunninn.

Ekki er gert ráð fyrir að kvikmyndir, leikið sjónvarpsefni eða útvarpsleikrit séu skráð í grunninn. Hins vegar eru það sameinginlegir hagsmunir LMS, Ríkisútvarpsins og annarra fjölmiðla, kvikmyndaframleiðenda og Kvikmyndasafns að upplýsingar um annað leikið efni en leiksýningar sé varðveitt og því miðlað með skipulögðum hætti. Einnig mætti hugsa sér að formlegt samkomulag verði gert milli þessara aðila og LMS um aðgang að slíkum sérsöfnum og samnýtingu.

Niðurlag

Til að móta stefnuna sem unnið skal eftir er mikilvægt að kalla fram sjónarmið fulltrúaráðs Leikminjasafnsins, kanna hversu samstíga forsvarsmenn sviðslistastofnana eru í sjónarmiðum sínum og hvaða leiðir virðast líklegar til að fá brautargengi. Til að undirbúa slíkt samtali mætti hugsa sér að aðalfundur safnsins 2014 verði nýttur í þágu stefnumótunarinnar, tryggt að allir aðilarnir sem eiga fulltrúa í fulltrúaráðinu svari kalli og sækja aðalfundinn, helst að þeir komi undirbúnir til leiks svo hægt verði að leggja álitamálin upp á fundinum mögulega í einhvers konar málþingsformi, með góðum fyrirlesurum og möguleika á hnitmiðuðum umræðum í framhaldinu.